

8. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 5. september 2026 að Reykjum í Hrótafirði

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH) á fjarfundi, Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ), Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (SJGW) fulltrúi ungmennaráðs, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri, Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri.

Forföll: Birgir Már Bragason (BMB), Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES),

Formaður setti fund kl. 09:33

Í upphafi fundar fór stjórn í gönguferð um svæðið og húsnæðið að Reykjum, undir leiðsögn Sigurðar Guðmundssonar, forstöðumanns skólalúðanna. Sérstaklega var tekið eftir því hvað svæðið væri snyrtilegt og eftirtektarvert hvað yfirbragð staðarins hefur batnað til hins betra. Stjórn þakkar þeim sem komið hafa að þeim verkum kærlega fyrir vel unnin störf.

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- Hansína Þóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá ÍSÍ, kom inn á fundinn og kynnti drög að niðurstöðum vinnustofanna *Raddir ungs fólks* sem haldnar voru samhliða stefnumótunarvinnu sl. vor. Stjórn lýsir ánægju yfir framgangi verkefnisins og hlakkar til að sjá lokaafurðina.
- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 7. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 4. fundargerð upplýsingatækninefndar
- 5. fundargerð upplýsingatækninefndar
- 6. fundargerð ungmennaráðs
- 7. fundargerð ungmennaráðs
- 8. fundargerð ungmennaráðs
- 2. fundargerð móta- og viðburðanefndar

- 6. fundargerð miðlunar- og samskiptanefndar
- 1. fundargerð framkvæmdanefndar Landsmóts UMFÍ 50+ 2027
- 10.-14. fundargerðir framkvæmdanefndar Landsmóts UMFÍ 50+ 2026

3. Erindi frá nefndum

- Lögð fram tillaga að gervigreindarstefnu UMFÍ frá upplýsingatækninefnd. Stjórn samþykkir framlagða tillögu og felur framkvæmdastjóra að innleiða stefnuna.

MSH vék af fundi kl. 12:00

Fundarhlé kl. 12:00 - Í hádegishléi fundaði stjórn og starfsfólk með Unni Valborgu Hilmarsdóttur, sveitarstjóra Húnaþings vestra og Nínu Axelsdóttur, fulltrúa í sveitarstjórn Húnaþings vestra. Stjórn þakkar fyrir góðar umræður og ítrekar þakkið fyrir gott samstarf.

Fundi fram haldið kl. 13:45 – SJGW kom inn á fundinn.

4. Staða mótahalds

- Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Guðmundsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Elísabet Hrund Salvarsdóttir, starfsfólk UMFÍ, sátu fundinn undir þessum lið.
- Rætt um umsóknir vegna móta og stöðu þeirra.
- Rætt um framtíðarhorfur í mótamálum. Móta- og viðburðanefnd mun halda áfram þeirri vinnu fram að sambandsráðsfundi.

SJGW vék af fundi kl. 15:40

5. Staða nefndastarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og samantekt verkefna.
- Skýrsla – Íþróttahreyfingin á Norðurlöndum – lögð fram til kynningar
- Minnisblað um stöðu mála varðandi Þrastaskóg lagð fram til kynningar auk afrits af bréfi lögfræðings vegna aðfararbeiðni.

6. Sjálfsmat stjórnar

- Niðurstöður úr sjálfsmati stjórnar lagðar fram til kynningar.

7. Stefnumótun

- Farið yfir stöðu vinnu við stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

8. Fjármál

- Í samræmi við IV. gr. reglugerðar um lottóreglur og lottóúthlutanir samþykkir stjórn að hlutfall sambandsaðila sem mæta ekki á sambandsráðsfund 2026 muni skerðast um 20%.

- Farið yfir starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2027. Fyrirliggjandi forsendur skulu lagðar til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar 2027.
- Uppgjör fyrstu sex mánaða ársins 2026 lagt fram til kynningar.
- Drög að samningi um Landsmót UMFÍ 50+ 2027 lögð fram. Stjórn felur formanni að undirrita samninginn fyrir hönd UMFÍ.
- Íslensk getspá hefur ákveðið að greiða út 500.000.000 kr. arð til eigenda sinna. Hlutur UMFÍ í því er 66.500.000 kr. sem verður greiddur út í samræmi við lottóreglugerð. Framkvæmdastjóra falið að koma þökkum á framfæri við stjórn og starfsfólk Íslenskrar getspár.

9. Sambandsráðsfundur

- Umræður um dagskrá, tillögur og mál fyrir sambandsráðsfund, m.a. er varðar kynningar á hugmyndum um mótamál, breytingar á atkvæðavægi á sambandsþingi og lottóreglugerð.
- Sambandsráðsfundurinn verður haldinn á Ísafirði 9.-10. október.

10. Bréf sem borist hafa

- 06.07.'26 Frá Persónuvernd – vísað til skrifstofu til úrlausnar.
- Tillögur frá UÍF og ÍBA varðandi ferðakostnaðar íþróttahreyfingarinnar – lagðar fram til kynningar.

11. Fundir og ferðir

- 24.06.-28.06.'26 Landsmót UMFÍ 50+. JSI, RH, SES mættu fyrir hönd stjórnar.
- 24.06.'26 Vígslumót Vísisvallar. SÓJ mætti.
- 30.07.-03.08.'26 Unglingalandsmót UMFÍ. JSI, HSH, RH, SÓJ og GÞG mættu fyrir hönd stjórnar.
- 19.08.'26 Fundur hjá HSK og Rangárþingi ytra vegna landsmóts 50+ 2027. AIP mætti.
- 25.08.'26 Bæjarstjóri og starfsfólk Reykjanesbæjar ásamt fulltrúum ÍRB í heimsókn til UMFÍ. AIP tók á móti þeim.
- 26.08.'26 Stjórnarfundur Getspár. JSI mætti.
- 31.08.'26 Ársfundur Íslenskra getrauna. JSI og AIP mættu.
- 01.09.'26 Stjórnarfundur hjá ÍBH. AIP mætti.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

*Fundi slitið kl. 19:26
SÓJ ritaði fundargerð*